

Fyrirspurn

til viðskiptaráðherra um börn og auglýsingar.

Frá Ástu Möller.

1. Mun ráðherra beita sér fyrir því að settar verði reglur um börn og auglýsingar á grundvelli 30. gr. samkeppnislaga, með vísan til 22. gr. sömu laga?
2. Hefur verið tekin ákvörðun um hvort eigi að þýða og gefa út rit um börn, unglunga og markaðssetningu sem byggist á bæklingi þessa efnis frá umboðsmanni neytenda í Danmörku, sbr. kafla 7.2 í skýrslu umboðsmanns barna til forsætisráðherra 1999 og tilmæli hans til viðskiptaráðherra í þessa veru?